

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðmundar frá Hólmi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. febrúar 1966.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðmundar frá Hólmi.

1. Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðmundar frá Hólmi. Hann er stofnaður til minningar um Guðmund Jónsson bónda í Hólmi, Austur-Landeyjahreppi, sem var fæddur 26. febrúar 1916 og andaðist 19. júlí 1964, af Ungmennafélaginu Dagsbrún, Búnaðarfélagi Austur-Landeyjahrepps og Austur-Landeyjahreppi, á fimmtugasta afmælisdegi hans, hinn 26. febrúar 1966. Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000.00 frá hverju stofnfélagi, eða samtals krónur þrjátíu þúsund 00/100.
2. Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum, er leggjast skulu við höfuðstól hans.
3. Árlega má veita úr sjóðnum fjárhæð, er nemur hálfum ársvöxtum hans, en hálfir ársvextir skulu leggjast við höfuðstól. Er sjóðurinn nemur krónum 50 000.00, má veita úr honum allt að $\frac{3}{4}$ hlutum ársvaxta.
4. Fé sjóðsins skal ávaxtast í Útibúi Búnaðarbanka Íslands að Hellu.
5. Starfssvæði sjóðsins er Austur-Landeyjahreppur, miðað við þau hreppamörk, er gilda við staðfestingu hans.
6. Hlutverk sjóðsins er að styrkja með verðlaunaveitingum hverja þá starfsemi, er stuðlar að aukinni búaþvingun og andlegum og félagslegum þroska íbúa Austur-Landeyjasveitar.
7. Fjárveitingar úr sjóðnum skal annast þriggja manna nefnd, kosin af stofnfélögum til eins árs í senn. Ef eitthvað stofnfélag hættir starfi, kýs sveitarstjórn mann í þess stað. — Nefndin kýs sér formann. Nefndin skal jafnframt sjá um eflingu sjóðsins. Nefndin haldi gerðabók um störf sín. Í hana skal færa skipulagsskrá þessa.
8. Sjóðurinn skal vera undir yfirstjórn sveitarstjórnar Austur-Landeyjahrepps, er sér um ávöxtun hans og fjárreiður og birtir reikninga hans.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Lágafelli í Austur-Landeyjahreppi, 19. desember 1965.

F. h. stofnenda

Magnús Finnbogason.

Grétar Haraldsson.

Ragnar Böðvarsson.